

BORGARHOLTSSKÓLI

bókmennt – handmennt - siðmennt



Fundargerð

Fundarefni: **Aðalfundur foreldraráðs BHS**

Dagsetning: 15. september 2016, kl. 18

Mætt: Þórdís Davíðsdóttir, Herdís Friðfinnsdóttir, Sólbjörg Linda Reynisdóttir, Elín Hekla Klemenzdóttir, Bryndís Haralds, Guðlaug Bjarnadóttir, Sveinn Ingvarsson, Ingi Bogi Bogason

Fjarverandi:

Dagskrá:

1. Lög og tilgangur foreldraráðs
2. Kosning þriggja fulltrúa í stjórn til tveggja ára.
3. Kosning áheyrnarfulltrúa foreldra í skólanefnd
4. Önnur mál

Fundargerð

Ingi Bogi, aðstoðarskólameistari boðaði til fundarins gegnum Innu, fyrir hönd stjórnar foreldraráðs.

1. Lög og tilgangur foreldraráðs. Ingi Bogi greindi frá.
2. Kosning þriggja fulltrúa í stjórn til tveggja ára. Ekki reynir á kosningareglur foreldraráðs fyrr en á næsta ári. Þá er kosið um sæti fulltrúa, sem setið hafa í tvö ár. Tveir fulltrúar í stjórn hafa ekki verið virkir. Tekin var ákvörðun að kjósa tvo í þeirra stað: Sólbjörg Linda Reynisdóttir og Elín Hekla Klemenzdóttir taka sæti í stjórninni.
3. Kosning áheyrnarfulltrúa foreldra í skólanefnd. Sveinn var endurkjörinn formaður og kosinn sem áheyrnarfulltrúi foreldra í skólanefnd.
4. Önnur mál.

a) Sveinn greindi frá störfum stjórnar foreldraráðs síðasta ár:

- Bréf sent menntamálaráðuneyti og undirstrikuð þörf BHS fyrir aukna íþróttaaðstöðu.
- Safnað fyrir áfengismæli til að nota á böllum nemenda BHS.
- Mötuneyti BHS. Foreldrar hafa fylgst með framboði og komið með ábendingar til góðs. Halda þarf þessu verkefni áfram. Ath. verðlagningu. (Nem. kaupa kort þar sem máltíð kostar yfir 1.000 kr. en stök máltíð (hugsanlega önnur samsetning) er seld á rúmlega 700 kr.)
- Tónlistarstarf nemenda. Stjórn foreldraráðs hefur fengið bréf með beiðni um fjárstuðning til að kaupa hljóðfæri til að nota í tónlistarstarfi nemenda.
- Stefnumótunarvinna foreldra. Þann 9. nóvember verður stefnumótun með foreldrum. Ingrid Kuhlman stýrir stefnumótun ásamt hópstjórum sem koma frá skólanum. Fundurinn er frá klukkan 17:30-19:30
- Óskað var eftir því að F&f teymið léti stjórn foreldrafélagsins vita í tíma hvenær nemendaböll eru haldin; svo auðveldara sé að fá foreldra í ballgæslu.

b) Stjórn foreldraráðs lýsti yfir ánægju sinni með vel heppnaða nýnemaferð.

c) Næsti fundur stjórnar foreldraráðs: fimmtudag 13. október kl. 18. Kristín Birna, námsráðgjafi, verður beðin að lóðsa ráðsmenn um húsnæði skólans og segja frá sínu starfi.

Ekki fleira rætt.

Fundargerð ritaði Ingi Bogi Bogason, aðstoðarskólameistari.